



## ÞINGGERÐ

---

### 59a. Framhaldsþing Landssambands hestmannafélaga Fundur haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 8. nóvember 2014

#### Þingforsetar:

Kjartan Ólafsson  
Sveinn Sigurmundsson

#### Ritari:

Erla Jóhannsdóttir

---

#### Fundur settur

**Kjartan Ólafsson** setur fundinn og les úr lögum LH gr. 1, 2 og 3. Kynnir dagskrána eins og hún lítur út. Kjörbréfanefnd fer yfir að kjósa megi nýja fulltrúa í stað þess sem hættir eða forfallast á annan hátt, ítrekar að samræma þurfi lög og þingsköp. Þingsköp málgrein 10.2 lesin upp. Fólk kom langt að til að mæta á fundinn.

#### Álit formanns kjörbréfanefndar

**Helga Claessen** les upp hverjir mæta fyrir aðra. Hafa ákveðið að lesa einungis upp breytingarnar á fulltrúum.

Edda Rún Ragnarsdóttir kemur í stað Ingibjargar Guðmundsóttur frá Fáki.  
Unnur Gréta Ásgeirsdóttir kemur í stað Ástu Björnsdóttur frá Fáki.  
Sigurlaug Anna Auðundsóttir kemur í stað Sigurbjörns Bárðarsonar Fáki.  
Sigurður V. Matthíasson kemur í stað Guðmundar Guðlaugssonar Fáki.  
Vignir Siggeirsson kemur í stað Guðmundar Guðmundssonar frá Geysir.  
Bryndís Hólmarsdóttir fer einnig með umboð frá Páli Guðmundsson frá Hornfirðing.  
Lilja Björk Reynisdóttir er einnig með umboð frá Þóri Áskelssyni frá Hring.  
Súsanna Ólafsdóttir kemur í stað Þóris Arnar Grétarssons frá Herði.  
Páll Vikortsson kemur í stað Gylfa Þ. Þorsteinssonar Herði.  
Pétur Grétarsson fer einnig með umboð fyrir Geir Eyjólfsson frá Léttfeta.  
Sigfús Helgason fer einnig með umboð fyrir Hauk Sigfússon frá Létti.  
Gunnar Eyjólfsson kemur í stað Kristínar Valgerðar Jónsdóttur frá Mána.  
Margeir Þorgeirsson kemur í stað Sóleyjar Margerisdóttur frá Mána.  
Ámundi Sigurðsson kemur í stað Kristjáns Þ. Gíslasonar frá Skugga.  
Oddur Hafsteinsson kemur í stað Lindu Bjarkar Ómarsdóttur frá Sleipni.



Kjartan Ólafsson kemur í stað Stefáns Ólafssonar frá Sleipni.

Þórarinn Ragnarsson kemur í stað Reynis Atla Jónssonar og fer einnig með umboð fyrir Jón Rúnar Jónsson, báðir frá Snæfaxa.

Elísabet Birgisdóttir kemur í stað Gunnars Karls Ársælssonar frá Sóta.

Oddný M.Jónsdóttir kemur í stað Völku Jónsdóttur frá Sörla.

Tryggvi Björnsson kemur í stað Guðrúnar Óskar Steinbjörnsdóttur frá Þyt.

Kolbrún Stella Indriðadóttir fer einnig með umboð Vigdísar Gunnarsdóttir frá Þyt.

**Þeir sem ekki mæta:**

Bjarki Þorvaldur Sigurðsson, Freyfaxa.

Sölvi Sölvason, Glæsi.

Ásgeir L Ásgeirsson / Þorvaldur Hreinsson, Gnýfari.

Auður Björnsdóttir, Hending.

Ægir Guðmundsson, Ljúfur.

**Formaður kjörnefndar kynnr framboð**

**Guðmundur Hagalínsson** þakkar góða mætingu. 24 framboð hafa komið fram fyrir þingið. Það var birt á heimasíðu LH þeir framboðendur sem hafa komið fram, til að allir væru upplýstir um þá sem gefa kost á sér til framboðs.

Dregið hefur verið röð framboðenda, hver fær fjórar mínútur til að kynna sig.

**Kynning formannsefna**

**Lárus Ástmar Hannesson, Snæfellingi.** Fer yfir feril sinn í hestamennsku, fæðist með bakteríuna. Leggur áherslu á hvað þetta var gaman í æsku. Hefur starfað við dómsstörf, tamningar, kennslu, æskulýðsmál, verið formaður Snæfellinga, fór á Hóla, tók stúdentspróf, og lærði til kennara. Vill efla jákvæðni hjá hestamönnum og vill að allir snúi bökum saman.

**Stefán G.Ármannsson, Dreyra.** Frá Akranesi, er búfræðingur og vélvirki. Hann er í félagi tamningamanna, fjölskyldumaður og börnin virk í hestamenskunni. Er í hrossarækt, hefur verið í stjórn Dreyra sem ritari, gjaldkeri og formaður, hefur verið i varastjórn LH og æskulýðsnefnd LH. Hann hefur einnig verið í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar og hefur því ýmislegt fram að færa sem formaður LH. Hestamenn þurfa að auka samstöðu, auka æskulýðsmál, reiðvegamála, auka nýliðun og vill að allir standi saman.



**Kristinn Hugason, Spretti.** Hefur lengi haft hug á því að starfa fyrir LH, hefur mikla reynslu af stjórnarsýslu. Vísar í af hverju upp úr sauð á síðasta landsþingi en umræðan um Landsmótsstaði var dropinn sem fyllti mælinn. Allir þurfa að standa saman, ekki hver í sínu horni. Heimsleikar eru á næsta ári og þurfum við að efla sameiningu innan hestamenskunnar. Telur eðlilegt að þeir sem bjóða sig fram geri það í tíma eins og hann gerði, en hefur ákveðið að draga framboð sitt til baka.

**Kosning:**

- Lárus Ástmar Hannesson 88 atkvæði
- Stefán G. Ármannsson 62 atkvæði

Auðir seðlar : 4

Lárus tekur til máls sem nýr formaður LH og þakkar Stefáni mótframboðið. Ítrekar að þeir muni vinna saman að málum hestamanna og gantast með að næstu Landsmót verði á Kaldármelum.

**Kynning á framboðum til aðalstjórnar**

Hver framboðandi fær 2 mínútur til að kynna sig.

**Gunnar Dungal, Stíganda.** Sendi umbjóðanda fyrir sig. Gunnar er í Herði, Fáki og Stíganda, ræktar hross og fer í hestaferðir. Hefur verið með fyrirtækjarekstur síðan hann var tvítugur.

**Stella Björg Kristinsdóttir, Spretti.** Byrjaði ung í hestum, en er ekki úr hestafjölskyldu. Hefur verið í nefndum hjá Spretti og telur sig hafa margt fram að bjóða. Helsti styrkleiki sé markaðs- og kynningarmál. Mikilvægt að keppni sé líka fyrir almenning, ekki bara atvinnumenn. Er búin að taka reiðmanninn.

**Andrea Þorvaldsdóttir, Létti.** Hefur verið formaður Léttis síðastliðin 5 ár. Hún er frístundahestamaður og léleg í að keppa. Reiðvegamál eru henni mjög hugleikin og æskulýðsmálin líka. Þurfum að sína meiri samstöðu og vera leiðandi á sviði hestamenskunnar.

**Sigurður Ævarsson, Sörla.** Sigurður dregur sitt framboð til baka í ljósi kosningar til formanns.

**Hrönn Kjartansdóttir, Herði.** Er 19 ára viðskiptafræðinemi. Hefur verið formaður mótanefndar, og keppnismál og æskulýðsmál hennar aðal hugðarefni. Vill fá nýliðun í stjórn LH sem og annars staðar. Ítrekar að hestamenn verði að standa saman og vísar í lög FEIF um velferð hestsins sem ávallt skal hafa að leiðarljósi.

**Haukur Baldvinsson, Sleipni.** Rekur Toyota umboðið á Selfossi. Keppir. Varðandi Landsmótin þá þarf að sýna jákvæðni og leysa þau mál í sameiningu.



**Steingrímur Viktorsson, Ljúf.** Ekki mættur og enginn fyrir hann.

**Eypór Gíslason, Glað.** Kemur úr Dölunum, starfar í Búðardal og er sjúkraflutningamaður. Var í varastjórn og hefur starfað á Landsmótum, í framkvæmdanefnd á fjórðungsmótum, var formaður Glaðs í 6 ár og hefur unnið að sveitarstjórnarmálum í Dalasýslu. Vill efla hestamennsku og skapa jákvætt umhverfi.

**Jónas Vigfússon, Funa.** Fulltrúi hans Valur, kynnir Jónas sem þungaviktarmann í mannvirkjagerð þegar kemur að Landsmótum.

**Jóna Dís Bragadóttir, Herði.** Formaður Harðar og hefur einnig verið í nefndum þar. Starfar sem framhaldsskólakennari, útreiðar hennar helsta áhugamál og fylgja stórfjölskyldunni í keppnum innanlands og utan. Vill hafa áhrif á nýliðun, reiðvegamál og fleira.

**Þorvarður Helgason, Fáki.** Er í stjórn Fáks, LH og er í ýmsum nefndum á vegum þeirra, reiðvegamál, fyrri störf vonandi metin.

**Ólafur Þórisson, Geysi.** Stúdent, búfræðingur frá Hvanneyri, tamingamaður og bóndi. Formaður Geysis sl. 3 ár, mikið verið í félagsmálum. Vill efla tengsl LH og grasrótarinnar, nýliðun og æskulýðsmál nauðsynleg. Einnig þarf að auka trúverðugleika hestamanna.

**Sigurður Ágústsson, Neista.** Lét alla kreppa hnefann og náði að sameina hestamenn. Ræktar hesta, vill efla jákvæðni hestamanna í garð hvors annars. Jefur verið í stjórnnum í 23 löndum og hefur verið í varastjórn.

#### **Kosning:**

##### *Aðalstjórn*

- |                               |             |
|-------------------------------|-------------|
| - Jóna Dís Bragadóttir        | 141 atkvæði |
| - Eypór Gíslason              | 137 atkvæði |
| - Haukur Baldvinsson          | 102 atkvæði |
| - Stella Björg Kristinsdóttir | 96 atkvæði  |
| - Ólafur Þórisson             | 88 atkvæði  |
| - Andrea Þorvaldsdóttir       | 85 atkvæði  |

##### *Náðu ekki kjöri*

- |                        |            |
|------------------------|------------|
| - Þorvarður Helgason   | 83 atkvæði |
| - Gunnar Dungal        | 65 atkvæði |
| - Sigurður Ágústsson   | 58 atkvæði |
| - Hrönn Kjartansdóttir | 58 atkvæði |
| - Jónas Vigfússon      | 11 atkvæði |



Kaffihlé.

**Kynning á framboðum til varastjórnar**

Hver framboðandi fær 2 mínútur til að kynna sig.

**Petra Kristín Kristinsdóttir, Sindra.** Formaður Sindra, búfræðingur og sjúkraliði. Mótamál og félagsmál henni hugleikinn.

**Rósa Emilsdóttir, Skugga.** Kom fulltrúi fyrir hennar hönd. Æskulýðs- og mótamál.

**Erling Sigurðsson, Spretti.** Keppti fyrst 6 vetra, samtals 40 ár í brautinni. Skemmilegur.

**Helga B. Helgadóttir, Fáki.** Formaður æskulýsðnefndar í mörg ár, og unnið innan FEIF líka. Félagsmál og nýliðun.

**Magnús Andrésson, Stíganda.** Brást við kalli félaga sinna og gaf kost á sér.

**Rúnar Þór Guðbrandsson, Herði.** Markaðsfræðingur, æskulýðsmál, framhaldsskólamóti kom því á. Er í miklum tengslum erlendis, til dæmis Horse Expo, HM Herning 2015, ofl.

**Sigurjón Rúnar Bragason, Fáki.** Hulda Gústafsdóttir las fyrir hann, æskulýðs- og mótanefnd.

**Valgeir Jónsson, Sleipni.** Vill efla barna og unglíngastarf, reiðvegsmál og reiðhallir.

**Hrönn Kjartansdóttir, Herði.** 19 ára, hefur mikinn áhuga. Endurtekur fyrri orð.

**Kosning:**

*Varastjórn*

- Helga B. Helgadóttir 144 atkvæði
- Rúnar Þór Guðbrandsson 125 atkvæði
- Sigurjón Rúnar Bragason 100 atkvæði
- Hrönn Kjartansdóttir 99 atkvæði
- Petra Kristín Kristinsdóttir 78 atkvæði

*Náðu ekki kjöri*

- Magnús Andrésson 72 atkvæði
- Rósa Emilsdóttir 71 atkvæði
- Erling Sigurðsson 60 atkvæði
- Valgeir Jónsson 16 atkvæði



**Kosning skoðunarmanna:**

Kosning tveggja skoðunarmanna og eins til vara. Í framboði voru:

**Haraldur Guðfinnsson, Sörla  
Sigurður Guðmundsson, Herði**

Skoðunarmaður til vara:

**Sigurður Ragnarsson**

Ekki voru fleiri framboð svo þessir voru rétt kjörnir.

**Val á Íslandsmótsstað 2015 og 2016**

Fram fór kosning um Íslandsmót fullorðinna og yngri flokka. Sprettur og Sleipnir drógu umsóknir sínar um Íslandsmót yngri flokka 2016 tilbaka og Sprettur dró umsókn sína um Íslandsmót fullorðinna 2016 tilbaka.

**Íslandsmót 2015**

**Íslandsmót fullorðinna:**

Eina félagið sem hefur óskað eftir því er Sprettur.

- ***Samþykkt að Sprettur fái að halda mótið.***

**Íslandsmót yngri flokka:**

Sprettur og Hörður kynntu sína aðstöðu og síðan var gengið til atkvæða.

- ***Sprettur 94 atkvæði***
- ***Hörður 47 atkvæði***

**Íslandsmót 2016**

**Íslandsmót fullorðinna:**

Fákur þeir einu sem sóttu um Íslandsmót fullorðinna 2016. Vísað til stjórnar LH hvar það verður. Hjörtur Bergstað, formaður Fáks, sótti um mótin saman og bað um að kosið yrði fyrst um yngri flokka mót, sem var samþykkt.

Bent á reglugerð LH grein 5.2. Þórður Ingólfsson las upp þessa grein, Kjartan las um reglugerð varðandi Íslandsmótin.



### Íslandsmót yngri flokka:

Fram fór kynning frá Skugga á mótssvæðinu, góð aðstaða fyrir hross. Síðan var gengið til atkvæða.

- **Skuggi**            **81 atkvæði**
- Fákur            58 atkvæði

Auð atkvæði: 2

- **Samþykkt að Fákur fengi að halda Íslandsmót fullorðinna 2016.**

### Ákvörðun árgjalds

Ákveðið var að halda árgjaldinu í 1.500 krónum.

### Önnur mál

**Elísabet Sveinsdóttir tók til máls.** Keppti á Iðavöllum í gær, vel þússuð og kembd. Talar fyrir hönd Freyfaða og vonar að allir komi á Fjórðungsmót í júlí 2015. Keppni samkvæmt reglum um fjórðungsmót. Einnig keppt í tölti og skeiði og er skráning opin í þeim greinum.

**Hannes Hjartarson tók til máls.** Ofbýður einhliða umræða um sjúkdóma í hrossum, og vill opna umræðu um þessi mál. Vill fá umræðu frá fleiri dýralækum um álagsmeiðsl, sjúkdóma, ofl. í þeim dúr.

- **Hestapestin 2010:** Streptococcus zooepidemicus? Equine Herpes Virus (EHV). Röng greining? Leita betur aðstoðar erlendis? Hestapestin ennþá í gangi? Hross smituðust um allt land, þessi pest var út um öll lönd. Veiran getur stökkbreyst eins og hver önnur veira, augljós veirusýking sem er komin til að vera .
- **Tannröspun (MAST):** Tekið af vef MAST umhirða tanna í hrossum. Spurt er hvað er í gangi hjá þessu fólki og lagt er til að MAST leiti þekkingar reyndra hestadýralækna til að setja fram hvað á að gera.
- **Bit-related lesion in Icelandic competition horses:** Áverki á munnviki og kinnum hrossa langalgengust, 33% eftir hringamél. Áverki eftir stangir með tunguboga jóks frá 7.8% í 31,2 milli sýninga. Tölfræðilega réttar niðurstöður. Rannsókn þarf að vera blind.
- **Bann á stangarmélum:** Á að banna stangarmél með tunguboga 2 dögum fyrir úrtöku á landsmót? Vísaði í að við erum ekki í Rússlandi, boð og bönn ekki rétt.
- **Heilbr.skoðanir á munnri keppnis og kynbótahrossa 2014 MAST:** Hverskonar rannsóknarvinna er þetta í gangi?
- **Framtíð dýralæknaskoðana á hestamótum:** Hestadýralæknafélag (óstofnað) velji 3-5 einstaklinga til að meta hvað teljast áverkar (minni, meiri, slæmir) á hrossum (allir líkamspartar). Hestadýralæknafélag (óstofnað) velji einstaklinga til að sjá um dýralæknisskoðun á mótum.



- **Framtíðarlausn á hestamennsku:** Vistvæn ræktuð hross. Best að horfa, má taka mynd. Ef farið á bak, ekki nota mál. Ef með tannbrodda, fáðu þér tannbursta. Ef gefa á brauð, gefa speltbraut. Hámarksþyngd knapa 70 kg.

**Erling Sigurðsson tók svo til máls.** Ítrekaði boð og bönn við stöngum og málum, alveg óþolandi og hvað er með þyngd á knapa? Hann vann meistaradeildina í fyrra á stöngum, og hvað er næst? Látinn nota aðrar stangir en venjulega, þær særðu hrossið stuttu fyrir mót. Skáreimin viðruð, var bönnuð en kominn inn aftur.

**Jónína Stefánsdóttir tók til máls.** Ný stjórn boðin velkomin og Skagfirðingar hlakka til að vinna með nýrri stjórn. Nú þurfa allir að standa saman að efla hestamenskuna.

### **Þingslit**

Þingforseti Kjartan Ólafsson þakkar þingfulltrúum fyrir setuna á þessu framhaldsþingi. Þakkar jafnframt starfsmönnum þingsins fyrir vel unnin störf og óskar öllum góðrar heimferðar og góðrar heimkomu.

*Þinginu er slitið.*